

Tandur hf.
Hesthálsi 12
110 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2021
UST202005-192/H.I.I.
07.06.02

Niðurstöður eftirlits: Efnagreiningar á handsóttthreinsum – CASP CORONA 2020

Þann 27. janúar 2021 fór Umhverfisstofnun í eftirlit með handsóttthreinsi hjá Tandri hf. þar sem varan, HANDEX 85 handgerileyðir, var valin af handahófi og innihaldið efnagreint. Rannsakað var hvort að upptalin innihaldsefni og uppgengið magn þeirra á merkimiða og í öryggisblaði væru í samræmi við niðurstöður efnagreiningar, sbr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 (BPR), c-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) og jafnframt metið hvort að varan væri nægilega virk gegn SARS-CoV-2 veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

Niðurstöður úr efnagreiningu sýndu að uppgegin innihaldsefni og magn þeirra í öryggisblaði og á merkimiða vörunnar, samræmast mældu innihaldi og jafnframt að varan er nægilega virk gegn SARS-CoV-2 veirunni.

Eftirlitið leiddi í ljós að varan uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) sem innleidd er inn í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um merkingar og öryggisblöð og þau frávik frá tédum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Tandri hf. frest til 10. júní 2021 til að senda stofnuninni:

- Afrit af merkimiða sem hefur verið uppfærður í samræmi við skilyrði 17. 18. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP).
- Staðfestingu á að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar á umbúðum vörunnar í samræmi við skilyrði liðar 3.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202005-192. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Umhverfisstofnun veitir Tandri hf. hér með frest til 10. júní nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 27. maí nk.

Umhverfisstofnun veur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur